Nú í sumar eru ný mjólkurbú sett á stofn, og hin eldri endurbætt. Eg vil því snúa máli mínu með nokkrum orðum að samlagsmönnum búanna, því án þeirra hjálpar og aðstoðar verður mjólkurbúunum ekki auðið að búa til gott smjör, jafnvel hvað vel sem þau eru úr garði gerð. Hver einstakur félagsmaður, hvort sem hann á fleiri eða færri kýr, verður að gera sér ljóst, hve áríðandi það er fyrir smjörgerðina, að fara sem bezt með mjólkina. Með því móti stuðla þeir að því, að meðferð hennar batni.

Sökum þess, hve langt er milli bæja og vegirnir ógreiðir yfirferðar, verða búin að vera rjómabú.

En því fylgir það, að mjólkina verður að aðskilja heima, og senda að eins rjómann til búanna.

Svo má að orði kveða, að það sé mikið áræði, að setja á stofn rjómabúin einmitt vegna þess, að mjólkin er skilin og meðhöndluð á heimilunum.

Meðferð rjómans þarfnast nákvæmni og vandvirkni, og það varðar miklu, að hver einstakur maður skilji, hver ábyrgð á honum hvílir í þessu efni og að þrif búanna og velferð er undir því komin, að mönnum sé þetta ljóst. Um kýrnar verður að muna eftir því, að ekki fæst góð mjólk nema úr heilbrigðum kúm. Þegar kýrin er veik, yxna, nýborin eða geldmjólka, verður að athuga, hvort mjólkin er óskemd, en þó einkum, ef kúnni er ilt í júgrinu. Sé mjólkin einkennileg að útliti, svo sem blóðlituð, draflakend, vatnslituð, eða rauðleit, þá er sjálfsagt að hafa þá mjólk sér og nota eigi til mjólkurbúsins. Sé nú ekkert að athuga við útlit hennar, þykir tryggara að bragða á nýmjólkinni úr hverri kú fyrir sig; en verði heldur ekki komist með þessu móti að raun um, hvort nokkuð sé athugavert við hana, þá þarf að prófa það á annan hátt. Bezt er að gera það með því, að taka mjólk úr hverri kú fyrir sig og láta hana í hrein glös, og láta í þau hreinan tappa. Glösin eru svo látin á hlýjan stað, og látin standa þar 1 sólarhring. Að þeim tíma liðnum skal rannsaka nákvæmlega, hvernig mjólkin lítur út, og hvernig lyktin er og bragðið. Getur þá svo farið, að gallar komi í ljós, er áður duldust. Bezt mundi að senda glösin til bústýrunnar á mjólkurbúinu, og láta hana athuga það, sem í þeim er.

Rjóma af þeirri mjólk, sem er gölluð, eða virðist vera miður góð, ætti ekki að senda til rjómabúsins. Slíka mjólk er bezt að flóa og nota til heimilisins eða handa kálfum. Ef kýr er geldmjólka eða yxna, er bezt að gelda hana upp; en séu mikil brögð að því, hvað mjólkin er slæm eða illa útlítandi, þarf að leita dýralæknis eða annars manns, er vit hefir á slíku.

Um fóðrið verður að muna eftir því, að skemt fóður eða óhreint drykkjarvatn getur haft áhrif á mjólkina og spilt henni. Sömuleiðis geta sumar fóðurtegundir, sem of mikið er gefið af, orsakað annarlegt bragð að mjólkinni. Slæmt drykkjarvatn og skemt eða myglað fóður getur í fyrsta lagi valdið því, að kýrnar veikist, og í öðru lagi orsakar það, að loftið í fjósinu spillist og verður óhreint. En það hefir aftur þau áhrif, að mjólkin óhreinkast í fjósinu meðan á mjólkuninni stendur, því saman við hana blandast gerlar og önnur óheilnæm efni. Sama er, ef borið er undir kýrnar eitthvað það, sem rýkur úr, meðan verið er að mjólka.

Heyið eða fóður kúnna ætti að geymast í góðum hlöðum, með vatnsheldu þaki. Drykkjarvatn kúnna ætti helzt að vera lindarvatn eða brunnvatn. Brunnarnir þurfa að vera djúpir og svo frá þeim gengið, að ofanjarðarvatn renni ekki ofan í þá.

Að sumrinu, meðan kýrnar ganga úti, er fóður þeirra gott og náttúrlegt, ef grasið er nóg.

En að vetrinum er öðru máli að gegna.

Vetrarfóðrið þarf að vera bæði gott og mikið, svo að kýrnar mjólki sem bezt; en gæta verður þess, að meltingin haldist í góðu lagi, og að kýrnar éti vel og með góðri lyst. Þessu verður bezt framgengt með því, að gefa kúnum fleiri en eina fóðurtegund.

Jafnframt þarf að gefa þeim reglulega, og eigi má auka eða minka gjöfina mjög snögglega.

Til þess að varðveita sem bezt átlyst kúnna, og koma um leið fyrir óróa, sem ætíð dregur úr nyt þeirra, er nauðsynlegt að gefa þeim og brynna í sama mund, og fara vel að þeim.

Ekki má láta þær bíða eftir heyinu, og ekki reka þær á fætur, þegar þær eru nýlagstar.

Séu fóðurtegundirnar fleiri en ein, verður að gefa þær í sömu röð.

Réttast er að gefa þeim ekki meira en það, að þær éti nokkurn veginn upp.

Þegar vel er farið að kúnum, verða þær spakar, og þekkja bráðlega þann, er hirðir þær, enda gerast spakar, þótt aðrir umgangist þær.

En það er ekki nóg, að þeim sé gefið gott og munntamt fóður og vatn.

Til þess að þær líti vel út og mjólki mikið, þarf að vera bjart á þeim, loftgott og þeim þarf að halda hreinum. Eins og það er hollast fyrir menn,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# J. P. T. Brydes

## -verzlun í Hafnarfirði

selur

Mjög góða **steinolíu** (Royal Dayligt)

og

ágæt **ofnkol** (Newcastlekol)

**með sérlega lágu verði.**

# Nýtt í verzlun G. ZOËGA

**ENSKT VAÐMÁL** fleiri tegundir.
**KJÓLATAU** skozk og einlit, margar tegundir. Sængurdúkur. Vetrargardínutau.
**FIÐURHELT LÉREFT**, ágæt tegund. Rúmteppi hvít og mislit. Ullarnærföt.

***Millifatapeysur.***

**BARNAKJÓLAR.** Herðasjöl. Prjónagarn. Skúfatvinni. Vetrarsjöl.
**FLAUEL** svart, rautt og blátt. Tvistgarn í öllum litum.
**LEIRTAU:** Bollapör, Diskar, Skálar, Krukkur ofl.

**OLÍUMASKÍNUR**

Bollabakkar, Brauðhnífar, Hnífapör, Stifti, allar stærðir. Galv. Spigarar. Bátasaumur. Ullarkambar, Kínalífselixír. Almanök.

**EMAILERAÐ:** Katlar, Könnur, Skálar, Kastarholur, Pottar stórir og smáir.

**Góðar vörur! Ódýrar vörur!**

---

BORÐ-
ELDHÚS-
GANG-
# Lampar
LAMPAGLÖS, LAMPAHJÁLMAR, BEHOLDERE, KVEIKIR, LAMPAÞYRLAR

nýkomið í verzlun

***Einars Arnasonar.***

---

## UMBOD.

**Undirritaðir taka að sér að selja ísl. vörur og kaupa útlendar vörur gegn sanngjörnum umboðslaunum.**

**P J. Thorsteinsson & Co.**
**Tordenskjoldsgade 34. København K.**

---

## Til sölu

er hér í Reykjavík

**kutter**

vandaður og sterkur. Ágætur siglari. Kaupendur gefi sig fram sem fyrst. Ritstjóri vísar á seljanda.

---

## Proclama.

Hér með er skorað á alla þá, er telja til skulda í dánar- og félagsbúi Benedikts Oddssonar hreppsnefndaroddvita, er andaðist að heimili sínu Hjarðardal 4. marz þ. á. og konu hans Ólafar Jónsdóttur, er lézt 1. júní þ. á., að lýsa kröfum sínum og sanna þær fyrir skiftaráðandanum í Ísafjarðarsýslu áður en 6 mánuðir eru liðnir frá síðustu (3.) birtingu þessarar auglýsingar.

Skiftaráðandinn í Ísafjarðarsýslu
1. ágúst 1902.
**H. Hafstein.**

---

## Gott ísl. smjör

og

## margarine

fæst í verzlun

***W. Fischer's.***

---

## Duglegur skipstjóri

sem er reglusamur og þrifinn, getur fengið atvinnu næsta útgerðartíma, á góðu skipi sunnanlands. Tilboð, merkt $\frac{A}{\text{box 2}}$, sé skilað frímerktu á pósthúsið í Reykjavík fyrir 20. sept. næstkomandi.

---

Ágætt

## HAFRAMJÖL

og

## síróp

fæst í verzlun

**W. Fischer's.**

---

## Uppboðsauglýsing.

Þriðjudaginn 2. september næstkomandi kl. 12 á hádegi verður opinbert uppboð haldið á lóð J. P. T. Brydesverzlunar og hjá nýju bryggjunni, og verður þá selt á hinum fyrnefnda stað 2 möstur, kaðlar, keðja, decimalvigt o. fl.; á hinum síðarnefnda stað íverufatnaður o. fl. eftir Niels Eyjólfsson sjómann.

Bæjarfógetinn í Rvík, 28. ágúst 1902.
**Halldór Daníelsson.**

---

Hjer með auglýsist, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefur selt herra H. A. Payne veiðirjett *allan* í sjó fyrir landi jarðarinnar Klepps og er því öllum óheimilt að nota tjeðan veiðirjett án leyfis hr. Paynes.

Bæjarfógetinn í Reykjavík, 19. ágúst 1902.
**Halldór Daníelsson.**

Samkvæmt ofanrituðu er hérmeð öllum bönnuð veiði í sjó fyrir Kleppslandi. Hver sá, er gerir tilraun til að brjóta þetta bann, verður lögsóttur til ábyrgðar.

Reykjavík, 19. ágúst 1902.
Fyrir hönd friðdómara H. A. Payne
**Jón Jakobsson.**

---

Ómissandi fyrir bændur eru **Frumatriði jarðræktarfræðinnar** eftir Sigurð Þórólfsson ritstjóra »Plógs«. Bókin kostar að eins 1 kr. 20 a. og fæst hjá bóksala Sigurði Kristjánssyni og bóksölumönnum út um land.

---

## *Hjúkrunarnemi.*

Greind stúlka heilsuhraust getur komist að í Laugarnesspítalanum til þess að læra hjúkrunarstörf. Nánari upplýsingar fást hjá lækni spítalans.

---

**Við gigtarverkjum**

og vöðvastrengjum er

**Dr. Elliotts Linimentum**

eina óbrigðula meðalið. Glasið kostar 1 kr. Fæst í lyfjabúðum.

---

# LAMPAR

alls konar, fallegir, góðir og ódýrir nýkomnir í

**verzlun**

# W. Fischer's.

Ballancelampar — Hengilampar — Borðlampar.
— Ganglampar — Eldhúslampar — Náttlampar sérl. fallegir, marg. teg

Ennfremur:

Lampakúplar — Lampaglös — Lampakveikir, Lampabrennarar o.s.frv.

---

Þegar eg var 15 ára að aldri fekk eg óþolandi tannpínu, sem eg þjáðist af meira og minna í 17 ár; eg hafði leitað þeirra lækna, allopathiskra og homöopathiskra, sem eg gat náð í, og að lokum leitaði eg til tveggja tannlækna, en það var alt jafn-árangurslaust. Eg fór þá að brúka Kínalífselixír, sem búin er til af Valdemar Petersen í Friðrikshöfn, og eftir er eg hafði neytt úr þremur flöskum varð eg þjáningalaus og hefi nú í nær tvö ár ekki fundið til tannpínu. Eg get af fullri sannfæringu mælt með ofannefndum Kínalífselixír herra Valdemars Petersens við alla, sem þjást af tannpínu.

Margrét Guðmundsdóttir.
ljósmóðir.

**Kína-lífs-elixírinn** fæst hjá flestum kaupmönnum á Íslandi, án verðhækkunar á 1,50 (pr. fl.) glasið.

Til þess að vera viss um, að fá hinn ekta Kína-lífs-elixír, eru kaupendur beðnir að líta vel eftir því, að $\frac{V.P.}{F.}$ standi á flöskunni í grænu lakki, og eins eftir hinu skrásetta vörumerki á flöskumiðanum: Kínverji með glas í hendi og firmanafnið Waldemar Petersen, Frederikshavn Kontor og Lager Nyvei 16, Kjöbenhavn.

---

THE
NORTH BRITISH ROPEWORK Co.
Kirkcaldy
Contractors to H. M. Government
búa til
*rússneskar og ítalskar*
**fiskilínur og færi,**
alt úr bezta efni og sérlega vandað.

Fæst hjá kaupmönnum. Biðjið því ætíð um Kirkcaldy fiskilínur og færi, hjá kaupmanni þeim er þér verzlið við, því þá fáið þér það sem bezt er.

---

## *Landakotsskólinn.*

Þeir sem óska að koma börnum sínum í skólann, hvort heldur drengjum eða stúlkum, eru beðnir að gefa sig fram sem fyrst. Skólinn byrjar þann 8. september n. k.

---

**Consum-Chocolade**

(frá Galle & Jensen)
nýkomið í verzlun

***W. Fischer's.***

---

# Millumpilsin

eru komin aftur í verzlun
**Björns Kristjánssonar.**

---

## Egta þrúguvín.

svo sem portvín, rauðvín, sherryvín, Malagavín, cognac etc. frá helztu verzlunum þar, sem þau eru framleidd, hefi eg á boðstólum handa þeim er vilja á Íslandi. Verðskár og sýnishorn sendi eg, ef um er beðið, og sé keypt fyrir 30 kr. minst eru vörurnar sendar kostnaðarlaust, en gegn eftirheimtu, nema vísað sé á áreiðanlegan meðmælanda um leið og pantað er.

***Peter Buck***

Helmerhus, Vester-Boulevard, Kbh. B.

---

**Í verzlun**

# Björns Kristjánssonar

er nýkomið mikið af **karlmannsfatnaði**, bæði **alfatnaðir** og stakir **jakkar** og **buxur**. Einkum ættu menn að muna eftir að fá sér **hlýja vetrarjakka**, áður en kólnar í veðrinu.

---

## Vönduð húsgögn

Búffet, Matborð fyrir 18 menn, Hornbekkur með hillu, Serveringsborð, Borðstofustólar, Stofuúr, Bókaskápur, Gólfteppi, Hengilampi m. m.; alt mjög vel vandaðir og góðir munir, fást hjá

**B. H. Bjarnason.**
**Aðalstræti nr. 7.**

---

**Eitt** herbergi til leigu nr. 3 á Bræðraborgarstíg.

---

## Alls konar

verkfærasköft og smíðajárn selur Þorsteinn Tómasson járnsmiður.

---

Ritstjóri **Björn Jónsson.**

Ísafoldarprentsmiðja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einar Árnason
V. Ásmundsson
Bj. Bjarnason (Gröf)
E. Briem
Sig. Briem
D. Bernhöft
G. Björnsson
S. Bjarnhéðinsson
Guðm. Böðvarsson
Vilh. Bernhöft

Hald. Daníelsson

~~Oddur Gíslason~~
Indriði Einarsson
Magnús Einarsson
Oddur Gíslason
Fr. Gunnarsson,
J. Halberg.
Thorf. Hansen
Ludv. Hansen

B. Jensson
Krist. Jónsson
Jón Jensson Björn Jónsson
Jón Jakobsson
Sturla Jónsson
Haldór Jónsson
Bjarni Jónsson.
M. L. Lund
Guðm. Magnússon Jón Magnússon
Th. M[illegible] Hallgr. Melsted.
M. Matthíasson.
Har. Níelsson

B. M. Olsen
Jón Ólafsson
Ól. Ólafsson
Elías Olsen
Björn Ólafsson

Pálmi Pálsson
Magn. Stephensen
Hallgr. Sveinsson
Guðjón Sigurðsson
Bjarni Sæmundsson.
Ásgeir Sigurðsson
Sig. Sigurðsson
Chr. Schierbeck
C. Zimsen
Hjálmar Sigurðsson

[illegible]
~~Sig. Þórólfsson~~
Sig. Thoroddsen
D. Thomsen

Sig. Þórólfsson
J. Þorkelsson
G. Þorbjarnarson
Jón Þórðarson

Guðm. Júl. Havstein.
Frú L. Finnbogason
Ól. Amundason.
Arinbjörn bókbindari
Ól. Runólfsson
Sigf. Eymundsson
Gunnar kaupmaður Einarsson,
Hald. Þórðarson bókbindari
Friðrik Jónsson
G. Emil Zoëga.
Sig Kristjánsson
Brynj. Bjarnason
Thorl. Bjarnason
Andersen skraddari.
Helgi kaupmaður Helgason.
G. Z. kaupmaður
Th. Thorsteinsson
Jónas Jónasson M.
Bernhöft bakari.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Björn Kristjánsson kaupm. —
Bened. kaupmaðr.
Þorkell smiðkari —
Magnús Árnason smiðkari. —
Björn Guðmsson. múrari. —
Bjarni — smiðkari. —
Árni Thorsteinsson

Hannes Thorsteinsson. —
Frants Siemsen.
Brynj. bóghaldari.
Eðvaldur.
Árni hárskerari.
Helgi Jónsson kaupmaðr.
Ól. gullsmiðr

H. Hafstein
Klemens Jónsson.
Páll Briem.
Schorr.
Eggert Claessen.
J. Hermannsson.
J. Sveinbjörn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 20. ágúst þ. á. sendi lector Þórhallur Bjarnason áskorun til bæjarmanna þess efnis, stofnað yrði skógræktarfélag hér í Reykjavík. Lét hann þess getið, að forstkandidat C. E. Flensborg teldi landið austanvert við Rauðavatn einkarvel fallið til skógræktar. Hr. Flensborg fær til umráða fé til að setja upp tvo „plöntuskóla" og setur annan þeirra við Rauðavatn, vilji menn hér í höfuðstaðnum stofna hið fyrsta skógræktarfélag landsins. Landið, um 35 dagsláttur að stærð, fæst keypt fyrir sanngjarnt verð, vísast alveg ókeypis. Samkvæmt áætlun frá Hr. Flensborg verður kostnaðurinn alls 4000 krónur.

Heppilegast er talið, að Skógræktarfélagið sé hlutafélag, hluturinn t.d. 25 kr. (limited). Fengjust 80 menn hér í bænum, sem leggja vildu með hlutum — greiddum á tveim árum — fram helming hins áætlaða kostnaðar, þá mun óhætt að treysta því, að hinn helmingurinn fengist af almannafé, þegar myndarlega væri komið af stað.

Tilsjón býður Hr. Flensborg ókeypis, meðan hann er í þjónustu landsins.

Þessari áskorun var svo vel tekið, að um 60 manns skrifuðu undir hana og tjáðu sig þess albúna, að stofna félagið. Átta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeir fund með sér hinn 25. ágúst og var þá félagið stofnað og kosin 5 manna stjórn.

En með því enn er eigi fengið loforð fyrir nægilega mörgum hlutum, leyfum vér oss undirritaðir, er kosnir vorum í stjórn félagsins, að skora á menn að gjörast hluthafar og rita nöfn sín á skjal þetta. Fáist nógu margir menn ef til vill mega lækka hlutina niður í 20 krónur.

Reykjavík 21. október 1901

Ásg. Thorsteinsson Michael L. Lund

Bjarni Sæmundsson Haraldur Níelsson.

Halldór Þórtarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá

ir

ass

gs-

g

asgi

vi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þessir hafa þegar skrifað undir áskorunina:

| | | |
|---|---|---|
| Hallgrímur Sveinsson | Magnús Stephensen | Steingr. Thorsteinsson |
| Pálmi Pálsson | Eiríkur Briem | Sigurður Þórólfsson |
| Vald. Ásmundsson | Björn Jensson | Kristján Jónsson |
| Hannes Þorsteinsson | Tryggvi Gunnarsson | Bjarni Sæmundsson |
| Björn Jónsson | Mikael L. Lund | Ásgeir Sigurðsson |
| Sigurður Sigurðsson | Jón Jensson | Morten Hansen |
| Halldór Daníelsson | Sig. Thoroddsen | Björn Ólafsson |
| Kr. Schierbeck | Haraldur Níelsson | Hallgr. Melsteð |
| Kr. Zimsen | D. Thomsen | Einar Árnason |
| Magnús Einarsson | Jón Magnússon | Vilhelm Bernhöft |
| Oddur Gíslason | Indriði Einarsson | Jóhann Þorkelsson |
| Elías Olsen | Gunnar Þorbjörnsson | Lúðvík Hansen |
| Sigurður Briem | Matthías Matthíasson | Th. Muus |
| D. Bernhöft | Sæm. Bjarnhéðinsson | M. Halberg |
| Hjálmar Sigurðsson | Guðm. Magnússon | Jón Jakobsson |
| Guðm. Böðvarsson | Jón Þórðarson | Sturla Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Guðjón Sigurðsson | Halldór Jónsson |
| Guðm. Björnsson | B. M. Ólsen | Ólafur Ólafsson |
| Jón Ólafsson | Bjarni Jónsson | Björn Bjarnarson (Gröf) |
| Páll Halldórsson | | |

P. Schreiber
Halldór Þórðarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 20. ágúst þ. á. sendi lector Þórhallur Bjarnason áskorun til bæjarmanna þess efnis, að stofnað yrði skógræktarfélag hér í Reykjavík. Lét hann þess getið, að forstkandidat C. E. Flensborg teldi landið austanvert við Rauðavatn einkarvel fallið til skógræktar. Hr. Flensborg fer til umráða fé til að setja upp tvo „plöntuskóla“ og setur annan þeirra við Rauðavatn, vilji menn hér í höfuðstaðnum stofna fyrsta skógræktarfélag landsins. Landið, ~~er~~ um 35 dagsláttur að stærð, fæst keypt fyrir sanngjarnt verð, vísast alveg ókeypis. Samkvæmt áætlun frá herra Flensborg, verður kostnaðurinn alls 4000 krónur.

Heppilegast er talið, að félagið sé hlutafélag, hver hlutur t. d. 25 krónur (limited). Fengjust 80 menn hér í bænum, sem leggja vildu, með hlutum – greiddum á tveim árum – fram helming hins áætlaða kostnaðar, þá mun óhætt að treysta því, að hinn helmingurinn fengist af almannafé, þegar myndarlega væri komið af stað.

Tilsjón býður hr. Flensborg ókeypis meðan hann er í þjónustu landsins.

Þessari áskorun var svo vel tekið, að um 60 manns skrifuðu undir hana

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og tjáðu sig þess albúna að stofna félagið. Áttu þeir fund með sér hinn 25. ágúst og var þá félagið stofnað og kosin 5 manna stjórn.

En með því enn er eigi fengið loforð fyrir nægilega mörgum hlutum, leyfum vér oss undirritaðir, er kosnir vorum í stjórn félagsins, að skora á menn að gjörast hlut-hafendur og rita nöfn sín á skjal þetta. Fáist nógu margir, mun ef til vill mega lækka hlutina niður í 20 krónur.

Reykjavík 21. október 1901

Sigr. Thorsteinsson   Michael L. Lund

Bjarni Sæmundsson   Haraldur Níelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÍSLANDS SUÐURAMT OG VESTURAMT.

Reykjavík 5. ágúst 1902.

Hjer með undanfelli eg eigi þjónustusamlega að tilkynna yður, velborni herra yfirkennari, útaf háttvirtri bónarskrá yðar, dags. 21. f. m., að amtsráðið í Suðuramtinu hefir á fundi sínum 21.–22. f. m. veitt skógræktarfélagi Reykjavíkur 150 kr. úr jafnaðarsjóði amtsins á þessu yfirstandandi ári sem styrk til þess að koma upp skógplöntunarstað við Rauðavatn í Mosfellssveit, sem þegar er byrjað á, og má vitja þessarar upphæðar á skrifstofu amtsins.

J. Havsteen.

Til
Yfirkennara hr. Steingríms Thorsteinsson
R. af Dbr.
Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Þessir hafa þegar skrifað undir áskorunina:**

| | | |
|---|---|---|
| Hallgrímur Sveinsson | Magnús Stephensen | Steingr. Thorsteinsson |
| Pálmi Pálsson | Eiríkur Briem | Sigurður Þórólfsson |
| (Vald. Ásmundsson) | Björn Jensson | Kristján Jónsson |
| Hannes Þorsteinsson | Tryggvi Gunnarsson | Bjarni Sæmundsson |
| Björn Jónsson | Mikael L. Lund | Ásgeir Sigurðsson |
| Sigurður Sigurðsson | Jón Jensson | Morten Hansen |
| Halldór Daníelsson | Sig. Thoroddsen | Björn Ólafsson |
| Kr. Schierbeck | Haraldur Níelsson | Hallgr. Melsteð |
| Kr. Zimsen | D. Thomsen | Einar Árnason |
| Magnús Einarsson | Jón Magnússon | Vilhelm Bernhöft |
| Oddur Gíslason | Indriði Einarsson | Jóhann Þorkelsson |
| Elias Olsen | Gunnar Þorbjörnsson | Lúðvík Hansen |
| Sigurður Briem | Matthías Matthíasson | Th. Muus |
| D. Bernhöft | Sæm. Bjarnhéðinsson | M. Halberg |
| Hjálmar Sigurðsson | Guðm. Magnússon | Jón Jakobsson |
| Guðmundur Böðvarsson | Jón Þórðarson | Sturla Jónsson |
| Björn Kristjánsson | Guðjón Sigurðsson | Halldór Jónsson |
| Guðm. Björnsson | Björn M. Ólsen | Ólafur Ólafsson |
| Jón Ólafsson | Bjarni Jónsson | Björn Bjarnarson(Gröf) |
| Páll Halldórsson | P. Schreiber | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS.**

---

REYKJAVÍK 28. september 1903

Hér með tilkynnist yður, herra formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur, að Búnaðarfélag Íslands hefir veitt Skógræktarfélaginu 200 kr. styrk fyrir yfirstandandi ár samkvæmt bónarbréfi yðar er oss var sent frá fjárlaganefnd neðri deildar alþingis.

Þórh. Bjarnarson.

Eiríkur Briem.

Til

formanns Skógræktarfélags Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vér undirskrifaðir, sem erum í stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur gerum hér með kunnugt; að vér samkvæmt þar til gefinni heimild af nefndu félagi á aðalfundi þess 28 júní 1904, afhendum og afsölum Skógræktarstjórn Íslands (Landsjóði) (til umráða og afnota, ~~eingöngu~~ til græðireits, eingöngu, svæði eitt ~~[illegible]~~ á gróðrarstöð félagsins við Laufásveginn [?] í útnorðurhluta stöðvarinnar eitthvað 1/2 dagsláttur að stærð, ummerkt greinilegum merkjum (staurum) og nú þegar sett undir græðireit — með eftirfarandi skilmálum

§ 1. gr.

Að Skógræktarstjórn Íslands (Landsjóður), jafnskjótt sem græðireiturinn getur miðlað nýtilegum plöntum til útplöntunar — láti Skógræktarfélagið fá fyrir 1/4 gangverð á Íslandi svo margar plöntur til útplöntunar á gróðrarstöðinni sem við þarf til plöntunar á gróðrarstöðinni eftir ~~[illegible]~~ núverandi stærð hennar og ástæðum [?]; ~~er~~ ~~sú hefir hún~~.

§ 2. gr.

Að Skógræktarstjórn Íslands ~~strax~~ þegar hún hættir að nota hið hér umrædda svæði fyrir græðireitinn, þá skili hún Skógræktarfélaginu því aftur í góðu standi

Sem vitundarvottar:

Fyrir hönd Landsjóðs er hérmeð gengið að ofangreindum skilmálum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Samningur

milli Skógræktarstjórnar Íslands og Skógræktarfélags Reykjavíkur.

Vér undirskrifaðir, sem erum í stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur, gerum hér með kunnugt: að vér samkvæmt þar til gefinni heimild af nefndu félagi á aðalfundi þess 28 júní 1904, afhendum og afsölum Skógræktarstjórn Íslands (landsjóði) til umráða og afnota, til græðireits ~~eingöngu~~ í 20 ár, svæði eitt í gróðrarstöð félagsins við Rauðavatn: útnorðurhluta stöðvarinnar eitthvað 2 dagsláttur að stærð, ummerkt með greinilegum merkjum (skurðum) og nú þegar tekið undir græðireit — með eftirfarandi skilmálum:

1. gr.

Að Skógræktarstjórn Íslands (landsjóður) jafnskjótt sem græðireiturinn getur miðlað nýtilegum plöntum til útplöntunar — láti Skógræktarfélagið fá fyrir 1/4 gangverðs á Íslandi svo margar plöntur til útplöntunar í gróðrarstöðinni sem við þarf til plöntunar í stöðinni eftir núverandi stærð hennar og víðáttu.

2. gr.

Að Skógræktarstjórn Íslands, þegar hún hættir að nota hið hér umrædda svæði fyrir græðireit, skili Skógræktarfélaginu því aftur í góðu standi.

Reykjavík 31 Júlí 1905.

Steingr. Thorsteinsson
p.t. formaður

Michael Lund
p.t. gjaldkeri.

Bjarni Sæmundsson
C. E. Flensborg.

Har. Níelsson
p.t. skrifari.

Vitundarvottar:

Emil Schou

D. Thomsen.

Fyrir hönd landsjóðs er hér með gengið að ofangreindum skilmálum

for Islands Skovsag

C. E. Flensborg.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**AMTSRÁÐ SUÐURAMTSINS**

Reykjavík, 30. júní 1906.

Hjermeð undanfelli jeg eigi að tjá yður, herra rektor, sem formanni „Skógræktarfjelags Reykjavíkur", að amtsráðið í Suðuramtinu hefir samkvæmt háttvirtri bónarskrá yðar, dagsettri 18. þ.m., veitt nefndu fjelagi 150 kr. styrk úr amtsjafnaðarsjóði fyrir yfirstandandi ár, og má vitja upphæðar þessarar á skrifstofu amtsráðsins.

J. Havsteen.

Hávelborni
herra rektor Steingrímur Thorsteinsson. R. af Dbr. og Dbrm.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur